

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 frá 28. nóvember 2002 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 að því er varðar skrána yfir breytur fyrir menntun og þjálfun og kóðun þeirra fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2003 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 18a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98):

„- **32002 R 2104:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 frá 28. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1897/2000):

„18ac. **32002 R 2104:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 frá 28. nóvember 2002 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í bandalaginu og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1575/2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 að því er

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14.

varðar skrána yfir breytur fyrir menntun og þjálfun og kóðun þeirra fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2003 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 2104/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.